

172. fundur Skipulagsnefndar  
27.02.2019

**Skipulagsnefnd - 172. fundur skipulagsnefndar  
haldinn að Laugarvatni, 27. febrúar 2019  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Árni Eiríksson, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur J. Gíslason, Rúnar Guðmundsson og Sigurður Hreinsson.

**Fundargerð ritaði:** Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

**Ásahreppur:**

1. **Svartibakki (L226853); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1902031**

Fyrir liggur umsókn Svartabakka dags. 13.02.2019 móttokin sama dag um takmarkað byggingarleyfi, leyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhugaðri skemmu á lóðinni Svartibakki (L226853) í Ásahreppi. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag af spildunni.

*Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að gefa út takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir fyrirhugað hús. Grenndarkynna skal fyrirhugaða framkvæmd til samræmis við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Bláskógabyggð:**

2. **Brúnir 5 (L227336); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810030**

Fyrir liggur ný umsókn með uppfærðum gögnum frá Guðborgu Hildi Kolbeinsdóttur dags. 18.09.2019 móttokin 19.02.2019 um byggingarleyfi til að flytja tvö hús og fá leyfi til að byggja viðbyggingu á milli þeira á sumarhúsalóðina Brúnir 5 (L227336) í Bláskógabyggð. Heildarstærð eftir stækkun verður 90 m<sup>2</sup>.

*Skipulagsnefnd samþykkir erindið og mælist til að fyrirhuguð framkvæmd verði grenndarkynnt til samræmis við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.*

3. **Heiðarbær lóð 170235 Umsókn um byggingarleyfi Sumarhús - viðbygging - 1607024**

Fyrir liggur bréf frá Magnúsi Scheving fyrir hönd Live ehf. dags. 13.02.2019 móttekið sama dag þar sem óskað er eftir að erindið verði tekið fyrir að nýju hjá byggingarfulltrúa. Sótt er um stækkun á sumarhúsi og fá að byggja bílskýli á sumarhúsalóðinni Heiðarbær lóð 170235 í Bláskógabyggð.

*Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu húss. Miðað skal við að nýtingarhlutfall verði í samræmi við gildandi aðalskipulag*

H.K.

BSP  
AA  
SA  
AA

*Bláskógabyggðar með tilvísun um lóðir minni en 5000m<sup>2</sup>.*

**4. Snorrastaðir Fagrabrekka L168131; Gestahús; Fyrirspurn - 1902052**

Bryndís Benediktsdóttir og Þórarinn Gíslason leggja fram fyrirspurn til skipulagsnefndar um hvort leyfi fái til að setja niður 26,4m<sup>2</sup> aukahús á lóðinni Snorrastaðir Fagrabrekka L168131, í Bláskógabyggð. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulaga af lóðinni.

*Skipulagsnefnd frestar afgeiðslu máls og felur byggingarfulltrúa að ræða við fyrirspyrjanda.*

**Flóahreppur:**

**5. Bitra Þjónustumiðstöð L223928; Hótelstarfsemi; Aukið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting - 1811047**

Sigríður Ólafsdóttir f.h. Þjónustumiðstöðvarinnar Bitru ehf, leggur fram að nýju ósk um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er meðfylgjandi skipulags- og matslýsing til samræmis við 1. mgr. 30 gr. sömu laga. Ákvörðun um matskyldu hefur verið tilkynnt Skipulagsstofnun skv. 6.mgr. laga um mat á umhverfisáhrifum sbr. lið 12.05 í viðauka laganna. Skipulagsstofnun leitaði umsagna frá Flóahreppi, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinni. Umsagnir bárust frá öllum ofnageindum aðilum, nema Ferðamálastofu.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar 20. febrúar 2019, er að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu dagsetta í nóvember 2018, sem skýrir væntanlega breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, skv. 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.*

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

**6. Brúnavegur 21 L168360; Brúnavegur 21a og 21b; Stofnun og breytt heiti lóðar - 1902045**

Pálmar Harðarson og Agnes Sigurðardóttir leggja fram umsókn þar sem óskað er eftir að sumarhúsalóðin Brúnavegur 21a L168360, í Grímsnes- og Grafningshreppi verði skipt upp í tvær lóðir eins og þær eru skv. gildadi deiliskipulagi frístundabyggðar Ásgarðs frá árinu 1996.

Í deiliskipulaginu eru þær skilgreindar sem lóð 21a og 21b og eru sagðar vera 5100m<sup>2</sup> að stærð hvor. Samkvæmt meðfylgjandi hnitasettum lóðarblöðum er lóð 21a 5171,5m<sup>2</sup> að stærð og 21b 5059,5m<sup>2</sup> að stærð.

*Skipulagsnefnd samþykkir beiðni umsækjanda.*

**7. Reykjalandur L168273; Breyting á byggingarreit og magni; Deiliskipulagsbreyting - 1902044**

Áslaug Einarsdóttir leggur fram umsókn og tillögu að óverulegri breytingu á gildandi

t.l.k.

deiliskipulagi Reykjalundar L168273 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin fellst í að færa byggingarreit B6 fyrir gestahús til austurs og að heimilt verði að byggja 1 stk. 40m<sup>2</sup> gestahús, í stað tveggja 20m<sup>2</sup> smáhýsa í gildandi deiliskipulagi.

*Skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu og hefur breytingin engin umhverfisleg áhrif sem geta talist veruleg. Skipulagsfulltrúa er falið að senda tillöguna Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda.*

**8. Kerhraun 42 L168917; Sumarhús með kjallara; Fyrirspurn - 1902053**

Þorgeir Símonarson leggur fram fyrirspurn til skipulagsnefndar, um hvort leyfi fáiist til að byggja sumarhús með kjallara á lóðinni Kerhraun 42. L168917, í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lóðin er í miklum halla og er húsið talið falla vel inn í landslag.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi vegna fyrirspurnar, þó með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar.*

*Skipulagsnefnd telur æskilegt að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagskilmálum varðandi hæðir húsa.*

**9. Krókur L170822; Uppbygging náttúrulega; Deiliskipulagsbreyting - 1902054**

Bæring Bjarnar Jónsson (Glámakím arkitektar) f.h. Suðurdals ehf leggur fram fyrirspurn til skipulagsnefndar UTU, þar sem óskað er eftir viðbrögðum nefndarinnar við fyrirhuguð breytingum á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin mun fela í sér að minnka umfang deiliskipulags frístundabyggðar en byggja upp afþreyingaraðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu á hluta svæðis. Hugmyndir eru uppi um að nýta heitavatnsborholu á svæðinu, gera náttúrulega/lón upp á ca 1000m<sup>2</sup> og þjónustubyggingu allt að 400m<sup>2</sup>. Meðfylgjandi gögn eru greinargerð og afstöðumynd af lóni ásamt þjónustubyggingum.

*Skipulagsnefnd tekur jákvætt undir fyrirspurnina og mælist til að umsækjandi sendi inn tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, og breytingu á gildandi deiliskipulagi. Skoða þarf sérstaklega með tilkynningarskyldu vegna mats á umhverfisáhrifum.*

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur:**

**10. Búrfells og Skeljafell L223324; Færsla brúar við Sulartanga - 1902049**

Axel Valur Birgisson f.h. Landsvirkjunar leggur fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna færslu brúar við Sulartanga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Vegna hruns úr bökkum Sulartangaskurðar er nauðsynlegt að færa núverandi brúarstæði um ca 95m ofar í skurðinum og tengja hana með samtals 1km löngum vegi sambærilegum og núverandi Þjórsárdalsvegur (veggerð C7). Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar sem gefið var í desember 2018. Einnig mun framkvæmdin verða tilkynnt skv. fl. C í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi til samræmis við skipulagsáætlanir, þegar fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu.*

**11. Hjálparvegur L223323; Endurbætur frá Þjórsárdalsvegi að Hjálparfossi; Framkvæmdaleyfi - 1902048**

Handwritten signatures and initials: BSB, AS, H.K., and others.

Axel Valur Birgisson f.h. Landsvirkjunar leggur fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á Hjálparvegi og gera hann jafnframt að heilsársvegi í vegflokki C7 (tengivegur) í flokkun Vegagerðarinnar.

Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar sem gefið var í desember 2018. Einnig mun framkvæmdin verða tilkynnt skv. fl. C í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi til samræmis við skipulasáætlanir, þegar fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu.*

**12. Vestra-Geldingaholt L166613; Tjarnarholt; Afmörkun jarðar og stofnun lóðar - 1902047**


Lögð fram umsókn Sigfúsar Sigfússonar, dags. 18.09.18, þar sem óskað er eftir staðfestingu á jörðinni Vestra-Geldingaholt L166613. Skv. hnitsettri afmörkun er jörðin 252 ha. Samhliða er sótt um stofnun 174,8 ha lands úr jörðinni og óskað eftir að landið fái heitið Tjarnarholt. Aðkoma að landeigninni er frá Háholtsvegi (3335). Stærð Vestra-Geldingaholts eftir landskiptin er 77,2 ha.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar, með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á hnitsetningu landamerkja. Ekki er gerð athugasemd við stofnun né heiti nýrrar landeignar með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar um aðkomu að landinu. Þá er ekki gerð athugasemd við landskipti skv. 13. jarðalaga.*


**13. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 19 - 95 - 1902003F**


Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20.02.2019.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**


  
Arni Eiríksson

  
Björgvin Skafti Bjarnason

  
Helgi Kjartansson

  
Halldóra Hjörleifsdóttir

  
Ingibjörg Harðardóttir

  
Guðmundur J. Gíslason

**Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU - 59. fundur  
haldinn að Laugarvatni, 27.2.2019  
og hófst hann kl. 11:00**

**Fundinn sátu:**

Árni Eiríksson, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir,  
Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur J. Gíslason, Sigurður Hreinsson og Rúnar  
Guðmundsson.

**Fundargerð ritaði:** Halldóra Hjörleifsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Ársreikningur 2018.**

*Lögð fram hugmyndir af uppgjöri af árinu 2018 milli sveitarfélaganna.  
Umsjónarsveitarfélag sendir uppgjörð.*

**2. Starfsmannamál.**

*Rædd voru starfsmannamál embættisins.*

*Borist hefur uppsögn frá ritara skipulagsfulltrúa sem tekur gildi 1.mars n.k.*

*Samþykkt að fara yfir skipulag starfsmannahalds embættisins og skoða með nauðsynlegar  
skipulagsbreytingar.*

*Halldóra Hjörleifsdóttir*

*Fróðast*

*Helgi Kjartansson*

*Árni Eiríksson*

*Björgvin Skafti Bjarnason*

*Björgvin Skafti Bjarnason*

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19 - 95. fundur  
haldinn að Laugarvatni, 20. febrúar 2019  
og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Davíð Sigurðsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Rúnar Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi, Stefán Short embættismaður, Lilja Ómarsdóttir embættismaður, Sigurður Hreinsson aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa og Guðmundur G. Þórisson áheyrnarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Davíð Sigurðsson, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa

**Dagskrá:**

**Ásahreppur - Almenn mál**

**1. Svartibakki (L226853); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1902031**

Fyrir liggur umsókn Svartabakka dags. 13.02.2019 móttokin sama dag um takmarkað byggingarleyfi, leyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhugaðri skemmu á lóðinni Svartibakki (L226853) í Ásahreppi.

*Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.*

**2. Hellatún lóð C (L201666); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1902043**

Fyrir liggur umsókn Huguólfssonar Hannesdóttur dags. 19.02.19 móttokin sama dag um takmarkað byggingarleyfi, leyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhuguðu íbúðarhúsi á íbúðarhúsalóðinni Hellatún lóð C í Ásahreppi.

*Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Kalla skal eftir botnúttekt vegna jarðvegsskipta.*

**Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál**

**3. Hrauntröð 22 (L227062); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús og köld geymsla - 1902028**

Fyrir liggur umsókn Íslenska flugmannafélagsins dags. 6.02.2019 móttokin 7.02.2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 115,5 m<sup>2</sup> og kalda geymslu 13,6 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Hrauntröð 22 (L227062) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**4. Hrauntröð 18 (L227060); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1902032**

Fyrir liggur umsókn Örnú Jóhannsdóttur og Geirmundar Einarssonar dags. 12.02.2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 109,8 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Hrauntröð 18 (L227060) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Lilja Ómarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu máls.*

**5. B-Gata 3 (L169565); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús og gestahús - viðbygging - 1901060**

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 08.01.2019 móttækin 10.01.2019 frá löggildum hönnuði Þórhalli Garðarsyni til að byggja við sumarhús 16 m<sup>2</sup> og gestahús 9 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni B-Gata 3 (L169565) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarhúsi verður 68,5 m<sup>2</sup> og gestahúsi 25,8 m<sup>2</sup> eftir stækkun. Þinglýstir eigendur eru Ólafía Marelsdóttir og Rétturinn veislubjónustan ehf.

*Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.*

*Samþykkt.*

*Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.*

**6. Kiðhólsbraut 27 (L170074); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús - stækkun - 1902026**

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 7.02.2019 móttækin sama dag frá löggildum hönnuði Inga Gunnari Þórðarsyni til að byggja við sumarhús 6,4 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Kiðhólsbraut 27 (L170074) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarhúsi eftir stækkun verður 79,3 m<sup>2</sup>. Þinglýstur eigandi er Þuríður Jónsdóttir.

*Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.*

*Samþykkt.*

*Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.*

**7. Réttarhólsbraut 10 (L169939); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - viðbygging - 1901066**

Fyrir liggur umsókn Huldu Einarsdóttur dags. 24.01.2019 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að byggja við sumarhúsið 39,5 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Réttarhólsbraut 10 (L169939) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**8. Tjarnholtsmýri 3A (L203193); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - stækkun - 1902030**

Fyrir liggur umsókn Bryndísar Ævarsdóttur dags. 14.02.2019 móttekin sama dag um byggingarleyfi til að stækka sumarhús um 10,6 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Tjarnarholtsmýri 3A í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 98,6 m<sup>2</sup>

*Samþykkt.*

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál**

**9. Skeiðháholt 3 lóð; Umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús - 1901024**

Fyrir liggur umsókn Kristínar Skaftadóttur dags. 08.01.2019 móttekin 10.01.2018 um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús með risi 123,5 m<sup>2</sup> á íbúðarhúsalóðinni Skeiðháholt 3a (L187518) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**10. Hraunvellir 203194 Umsókn um byggingarleyfi Gistihús mhl 10 - 1608063**

Fyrir liggur tölvupóstur dags. 8.11.2018 frá Sigurði U. Sigurðssyni fyrir hönd jarðareiganda Hraunvalla (L203194) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Trix ehf. þar sem óskað er eftir fella úr gildi fyrri samþykkt um byggingarleyfi dags. 31.08.2016 og fá að byggja gistihús mhl 10,43,4 m<sup>2</sup> og breyta afstöðu á húsi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Davíð Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu máls.*

**11. Hraunvellir 203194 Umsókn um byggingarleyfi Gistihús mhl 11 - 1608064**

Fyrir liggur tölvupóstur dags. 8.11.2018 frá Sigurði U. Sigurðssyni fyrir hönd jarðareiganda Hraunvalla (L203194) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Trix ehf. þar sem óskað er eftir fella úr gildi fyrri samþykkt um byggingarleyfi dags. 31.08.2016 og fá að byggja gistihús mhl 11, 43,4 m<sup>2</sup> og breyta afstöðu á húsi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Davíð Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu máls.*

**12. Hraunvellir 203194 Umsókn um byggingarleyfi Gistihús mhl 12 - 1608065**

Fyrir liggur tölvupóstur dags. 8.11.2018 frá Sigurði U. Sigurðssyni fyrir hönd jarðareiganda Hraunvalla (L203194) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Trix ehf. þar sem óskað er eftir að fá breyta afstöðu á gistihúsi mhl 12 á jörðinni sem fékk samþykkt byggingarleyfi dags. 6.09.2016

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Davíð Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu máls.*



**13. Hraunvellir 203194 Umsókn um byggingarleyfi Gistihús mhl 13 - 1608066**

Fyrir liggur tölvupóstur dags. 8.11.2018 frá Sigurði U. Sigurðssyni fyrir hönd jarðareiganda Hraunvalla (L203194) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Trix ehf. þar sem óskað er eftir fella úr gildi fyrri samþykkt um byggingarleyfi dags. 31.08.2016 og fá að byggja gistihús mhl 13, 43,4 m<sup>2</sup> og breyta afstöðu á húsi.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012. Davíð Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu máls.*

**Bláskógabyggð - Almenn mál**

**14. Útey 1 lóð 21 (L193168); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1902017**

Fyrir liggur umsókn Matthildar Jónsdóttur og Hlynar Freys Stefánssonar dags. 04.02.2019 móttokin 05.02.2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 107,7 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Útey 1 lóð 21 (L193168) í Bláskógabyggð.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**15. Heiðarbær lóð 170235 Umsókn um byggingarleyfi Sumarhús - viðbygging - 1607024**

Fyrir liggur bréf frá Magnúsi Scheving fyrir hönd Live ehf. dags. 13.02.2019 móttikið sama dag þar sem óskað er eftir að erindið verði tekið fyrir að nýju hjá byggingarfulltrúa. Sótt er um stækkun á sumarhúsi og fá að byggja bílskýli á sumarhúsalóðinni Heiðarbær lóð 170235 í Bláskógabyggð.

*Vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.*

**16. Heiðarbær lóð (L170249); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810050**

Fyrir liggur ný umsókn frá Stay ehf. dags. 15.02.2019 móttekin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 151,2 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Heiðarbær lóð (L170249) í Bláskógabyggð.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**17. Brúnir 5 (L227336); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810030**

Fyrir liggur ný umsókn með uppfærðum gögnum frá Guðborgu Hildi Kolbeinsdóttur dags. 18.09.2019 móttekin 19.02.2019 um byggingarleyfi til að flytja tvö hús og fá leyfi til að byggja viðbyggingu á milli þeirra á sumarhúsalóðina Brúnir 5 (L227336) í Bláskógabyggð. Heildarstærð eftir stækkun verður 90 m<sup>2</sup>.

*Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.*

## Flóahreppur - Almenn mál

### 18. Fljótshólar I land (L212336); Umsókn um byggingarleyfi, gestahús - 1901039

Fyrir liggur umsókn Sigríðar Þormóðsdóttur dags. 16.01.2019 móttokin sama dag um byggingarleyfi, leyfi til að flytja 59,2 m2 gestahús á lóðina Fljótshólar I land (L212336) í Flóahreppi.

*Samþykkt.*

### 19. Eystri-Loftsstaðir 2 (L227141); Umsókn um byggingarleyfi; Íbúðarhús - 1902034

Fyrir liggur umsókn Hafrúnar Óskar Gísladóttur dags. 13.02.2019 móttokin 14.02.2019 um byggingarleyfi til að flytja 60 m2 hús á íbúðarhúsalóðina Eystri-Loftsstaði 2 (L227141) í Flóahreppi.

*Byggingarfulltrúi fer fram á að gert verði ástandsmat fyrir húsið. Lilja Ómarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu máls.*

## Flóahreppur - Umsagnir og vísanir

### 20. Brimsstaðir (L200163); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1901069

Mótttekinn var tölvupóstur þann 25.01.2019 frá fulltrúa Sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gististaður án veitinga, minna gistiheimili (C) frá Guðbjörgu Lilju Ragnarsdóttir á jörðinni Brimsstaðir (F2277076) í Flóahreppi.

*Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 8 manns.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00**

---

Davíð Sigurðsson

---

Rúnar Guðmundsson

---

Stefán Short

---

Lilja Ómarsdóttir

---

Sigurður Hreinsson